

Fjórðungssamband Vestfirðinga

26. október 2019

Ágæta sveitarstjórnarfolk og aðrir gestir.

Ég þakka fyrir boðið um að ávarpa haustfund Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðarstofu hér á Hólmavík.

Það er alltaf gott að koma hingað og eiga með ykkur samtal og skiptast á skoðunum um málefni líðandi stundar. Mér skilst að umfjöllunarefni þessa þingsins sé samstarf sveitarfélaga, sóknaráætlun Vestfjarða og svæðisskipulag. Ef ég þekki ykkur rétt þá veit ég að þið hafið átt gott samtal um þessi mikilvægu mál.

Íbúapróun og atvinnulíf

Það er víða blómlegt mannlíf á Vestfjörðum og margt spennandi að gerast og íbúapróunin síðustu tvö ár eru vonandi merki um jákvæð teikn á lofti.

Íbúapróun á Vestfjörðum síðustu áratuginu hefur vissulega verið áhyggjuefni. Á sama tíma og landsmönnum öllum hefur fjölgað um tæplega 38 þúsund síðustu 10 árin hefur íbúum hér fækkað um 299. Og ef litið er 20 ár aftur í tímann er fækkunin hér enn meiri, þar sem fækkað hefur um 1250 íbúa á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað um tæp 78 þúsund.

En ég trúi því að það séu bjartari tímar fram undan og góð vísbending um það er að íbúum hefur fjölgað um tæplega 200 manns síðustu tvö ár á norðurfjörðunum og eru Vestfirðingar þar með aftur komnir yfir sjöþúsund íbúa.

Til þess að hér megi dafna blómlegar byggðir þarf trausta innviði, eins og rafmagn og öruggar samgöngur.

Ég tel að tækifærin séu mýmörg í landshlutanum og þið eruð þegar farin að nýta mörg þeirra. Má þar nefna fiskeldi, ferðaþjónustu og nýsköpun í matvælaíðnaði og sjávarútvegi. Þá hefur verið einkar ánægjulegt að fylgjast með hvað þið hafið lagt mikla áherslu á umhverfismál, ekki bara í orði heldur líka á borði. Það að Vestfirðir hafi verið umhverfissvottaðir árlega síðan 2016 gerist ekki af sjálfu sér. Og áfram haldið þið og mér skilst að nýjasta verkefnið, Umhverfislestin, sé einmitt stödd hér á Hólmavík í dag.

Ég fæ ekki betur séð en að stofnun Vestfjarðarstofu fyrir tæpum tveimur árum hafi verið framfaraspor og það hefur verið ánægjulegt að fylgjast ykkur vaxa og dafna. Er það tilviljun að frá stofnun Vestfjarðarstofu fór Vestfirðingum að fjölga? Ég skal ekki segja, en hitt veit ég að öflugt samstarf heimamanna getur lyft Grettistaki. Og það tel ég Vestfirðinga sýna.

Þá er mér einnig sérstök ánægja að nefna að í gegnum eina af aðgerðum byggðaáætlunar, sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða, höfum við styrkt Fjórðungssambandið um 15 m.kr. til að setja á fót nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar í þéttbýliskjörnum þar sem slíkt er ekki til staðar. Einnig styrkir ráðuneytið, í gegnum byggðaáætlun, það góða og mikilvæga starf sem fram fer í Blábankanum á Þingeyri.

Nýsköpun er lykilorð á flestum sviðum. Við þurfum að hugsa í nýjum lausnum – leita leiða til að skapa og endurhanna í okkar samfélagi, til að bæta þjónustuna við íbúana, til að styrkja stöðir atvinnulífs, til að laða að nýja íbúa – til að vaxa og dafna á sjálfbæran hátt.

Sóknaráætlanir landshluta

Og hér skipta sveitarfélögin miklu máli – þið kæra sveitarstjórnarfolk hafið verið valin til að leiða ykkar samfélög áfram og sækja fram fyrir íbúana. Það getið þið auðvitað gert á forsendum hvers sveitarfélags en samstarfið er líka mikilvægt, sameinuð eruð þið sterkari og það eru ótal dæmi um það.

Ég er mjög ánægður með hvernig samvinna sveitarfélaga á vettvangi sóknaráætlana landshluta hafa verið að þróast og hvernig almennt hefur tekist til.

Nýleg úttekt á sóknaráætlunum kemst að þeirri niðurstöðu að stoðir menningar í landshlutum hafi styrkst og að einhverju leyti samkeppnishæfni þeirra. Margar góðar ábendingar er að finna í úttektinni sem ég geri ráð fyrir að þið haftið horft til við mótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir Vestfirði. M.a. er bent á að skynsamlegt væri að búa til hvata í uppbyggingarsjóði, sérstaklega þann hluta sem snýr að atvinnuþróun- og nýsköpun, og nota þannig sóknaráætlanir sem tæki til að auka samkeppnishæfni landshlutanna.

Þá er í úttektinni bent á að áhersluverkefni séu almennt of mörg í hverjum landshluta. Þetta á við um Vestfirði og vil ég nota tækifærið til að hvetja ykkur til að skoða hvort ef til vill væri vænlegra til árangurs að velja færri verkefni og sem setja mætti meira fjármagn til og gefa þeim aukin slagkraft og athygli.

Það er líka mikið í húfi því á síðasta ári runnu samtals um 132 milljónir til sóknaráætlunar Vestfjarðar og þar af var framlag frá ríkinu um 123 milljónir. Fjármagnið fór í menningartengda þætti, styrkingu innviða, uppbyggingar ferðapjónustu og til nýsköpunar.

Með sóknaráætlunum kemur fram raunverulegur vilji ríkisins til að fela heimamönnum í hverjum landshluta aukið vald og aukna ábyrgð.

Fimm ára gildistími sóknaráætlana er að renna sitt skeið um komandi áramót. Allir landshlutarnir eru að undirbúa nýjar sóknaráætlanir sem gilda munu til ársloka 2024.

Ég veit að þið eruð langt komin með að vinnu við nýja sóknaráætlun og ég hef líka heyrt að sú vinna gangi vel og að ný sóknaráætlun Vestfjarða verði jafnvel enn betra og öflugra **tæki**. Ég vil nota tækifærið til að óska ykkur til hamingju með hana.

Byggðaáætlun

Byggðaáætlun gegnir einnig lykilhlutverki í að vinna að umbótum og nýsköpun í atvinnulífi. Hún er mikilvægt stjórnæki fyrir ríkisvaldið og einnig sveitarfélögin, og með henni viljum við leita leiða til að samþætta sem mest byggðamál við alla málaflokka.

Ég hef talað um að við þurfum að setja upp byggðagleraugin sem víðast – líkt og talað er um jafnréttismálin. Byggðamál eru allsherjarmál, hér bera allir ábyrgð. Ekki bara ríki, eða sveitarfélög, heldur einnig atvinnulífið.

Á því rúma ári sem liðið er frá samþykkt nýrrar byggðaáætlunar hefur margt jákvætt gerst. Okkur hefur tekist á mörgum sviðum að styðja við mörg brýn verkefni á landsbyggðinni.

Ég nefndi áðan sértæk verkefni sóknaráætlana landshluta, sem hafa fengið myndarlegan stuðning og leitt til atvinnusköpunar.

Við þekkjum öll góðan framgang verkefnisins Ísland ljóstengt, en þar hefur byggðaáætlun lagt 100 m.kr. til árlega sem hefur haft það í för með sér að við erum að ná mjög góðum árangri í þessu verkefni.

Næsta stóráttak í innviðaupbyggingu sem byggðaáætlun kemur að tengist þrífösun rafmagns og vonandi fáum við fljótlega að heyra nánar um þau áform þegar líður á veturinn.

Byggðaáætlun styður einnig verkefni á sviði félags- og heilbrigðismála. Þannig má nefna tvær aðgerðir sem áætlunin leggur til fé til, annars vegar innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu og hins vegar að jafna aðgang að sérfræðilæknum, þar sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er virkur þátttakandi. Í þessum verkefnum felast raunveruleg tækifæri til að bæta aðstæður fólks um land allt, tryggja betra aðgengi að þjónustu og lækka kostnað við ferðalög.

Þannig að ég get bara verið sáttur við hvernig til hefur tekist við framgang áætlunarinnar og þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf á því sviði.

Heimsókn í Árneshrepp

Það að vera sveitarstjórnar- og byggðamálaráðherra gefur mér einnig margvísleg og verðmæt tækifæri til að hitta sveitarstjórnarfólk og heimsækja sveitarfélög vítt og breitt um landið.

Ég var t.d. þess heiðurs aðnjótandi að heimsækja Árneshreppinn í vor, eitt afskekktasta sveitarfélag landsins og hið fámennasta.

Ég hreifst af fólkinu sem ég hitti, bjartsýni þess og dugnaði, en samt raunsæi um aðstæður og áskoranir sem slíkt samfélag tekst á við. Þarna hitti ég gamalreyndan sveitarstjórnarmann, Gunnstein Gíslason, sem man tímana tvenna, er mikill þekkingarbrunnur og gaman að ræða við um landsins gagn og nauðsynjar.

Á Ströndum togast að mörgu leyti á ólíkir kraftar: Þörfin fyrir kyrrð og þörfin fyrir framkvæmdir. Sumir vilja sjá öflugna uppbyggingu og aðrir að unnið sé með það sem fyrir er, náttúruna óspillta. Það er síðan önnur spurning hvort þetta þurfi að vera svona andstæðir pólar. Ég hef lært á mínum pólitíska ferli að oft er mesta átakið að fá andstæða hópa til að setjast niður og koma sér saman um niðurstöðu. Þá gerast hlutirnir.

Þannig að frumkvæðið heimamanna skiptir máli, það er ekki endalaust hægt að bíða eftir ráðamönnum að sunnan og þetta líkar mér. Þannig held ég að bestum árangri verði náð í byggðamálum – að sveitarfélögin sjálf og íbúarnir taki frumkvæði og hafi forystu um nýsköpun og atvinnuþróun.

Áskoranir í atvinnulífi

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

En þó vel hafi gengið í atvinnulífi þjóðarinnar á umliðnum árum, með tilkomu stóraukins fjölda ferðamanna og nýsköpunar á mörgum sviðum atvinnulífsins, m.a. í sjávarútvegi og líftækni, þá vitum við að góðu árin koma og fara.

Það hafa verið ýmsar blikur á lofti sem þarf að horfa til við stjórn efnahagsmála og á sumum sviðum er samdráttur kominn fram.

Þetta sýnir þó að hlutirnir geta breyst hratt og samfélagið allt, ekki síst ríki og sveitarfélög, þurfa á hverjum tíma að vera í stakk búin til að mæta áföllum, til að takast á við óvæntar uppákomur í atvinnulífi, eða almennt að geta stutt við samfélagið sama hvernig árar.

Ríkisstjórnin er að takast á við þessar áskoranir fyrir landið í heild.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2020 endurspeglar markmið ríkisstjórnarinnar um að vinna gegn skammvinnri niðursveiflu í hagkerfinu í kjölfar samdráttar í ferðamennsku og loðnubrests.

Það er gert án þess að hverfa þurfi frá áformum um uppbyggingu innviða og grunnþjónustu ríkisins við samfélagið á grundvelli þess góða árangurs sem náðst hefur undanfarin ár við að byggja upp fjárhagslegan styrk ríkissjóðs.

Í samræmi við nýlega endurskoðun á fjármálastefnu til fimm ára verður dregið úr áður fyrirhuguðum afgangi af rekstri ríkissjóðs á meðan hagkerfið leitar jafnvægis og fær fótfestu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Leiðarljós þeirrar hagstjórnar er að stuðla að stöðugleika og bættum lífskjörum.

Hér skiptir ábyrg fjármálastjórn sköpum, en um leið þarf að horfa til heildarhagsmuna samfélagsins og til framtíðar, um leið og við forgangsröðum.

Sem fyrr er það ásetningur ríkisstjórnarinnar að standa vörð um mikilvæga uppbyggingu innviða og þjónustu ríkisins. Aukin framlög til opinberra framkvæmda í fjárlagafrumvarpinu vega upp á móti minnkandi atvinnuvegafjárfestingu og eru liður í aðgerðum til að milda áhrif niðursveiflu.

Hlutfallsleg útgjaldaaukning hefur verið mest í samgöngu- og fjarskiptamálum á kjörtímabilinu, eða 25% að raungildi. Á árinu 2020 er gert ráð fyrir ríflega 28 ma.kr. framlögum til fjárfestinga í samgöngum. Þetta eru góðar fréttir, því ekki veitir af eins og þið vitið öll.

Samgöngumál almennt – höfuðborgarpakkinn

Í síðustu viku kynnti ég drög að nýrri samgönguáætlun fyrir tímabilið 2020-2034 og eru þau nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Allir hafa tækifæri til að senda inn umsögn eða ábendingar en frestur er til og með 31. október 2019. Í samgönguáætluninni er sérstök áhersla lögð á að flýta framkvæmdum innan tímabilsins frá því sem áður var. Einnig er til kynningar fyrsta flugstefna Íslands og stefna um almenningssamgöngur milli byggða.

Sérstök jarðgangaáætlun birtist nú í samgönguáætlun. Miðað er við að jafnaði sé unnið í einum göngum á landinu á hverjum tíma. Þar er gert ráð fyrir að framkvæmdum við Dýrafjarðargöng ljúki árið 2020. Þá er miðað við að flýta upphafi framkvæmda við Fjarðarheiðargöng þannig að þær hefjist árið 2022 eða talsvert fyrr en áður hefur verið ráðgert.

Bein framlög til samgöngumála nema alls tæpum 633 milljörðum króna á fimmtán ára tímabili samgönguáætlunar. Til vegagerðar falla tæp 560 milljarðar, um 37 milljarðar til flugvalla og flugleiðsögu, rúmir 14 milljarðar til hafnamála, rúmir 19 milljarðar í stjórnsýslu, öryggi og eftirlit og rúmir 2,5 milljarðar til Rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Þetta er mikil aukning frá því sem fyrri áætlun gerði ráð fyrir, og í sögulegu samhengi er hér um eina mestu fjárfestingaráætlun í samgönguinnviðum sem um getur.

Fjölmörgum framkvæmdum er flýtt á tímabili áætlunarinnar með sérstakri áherslu á að bæta umferðaröryggi og tengingar milli byggða. Á tímabilinu verður framkvæmdum, sem í heild eru metnar á um 214,3 milljarða króna, flýtt. Þar af eru framkvæmdir fyrir um 125,5 milljarða króna utan höfuðborgarsvæðisins og 88,8 milljarða króna í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Góðu fréttirnar fyrir ykkar svæði varðandi verkefni sem er flýtt eru þær að á næstu 15 árum er áætlað að 23 milljarðar króna fari í vegi á Vestfjörðum.

- Dynjandisheiði – kláruð á 1. tímabili en ekki öðru – 5,8 ma. kr.
- Bíldudalsvegur-Vestfjarðavegur – kláraður á 2. tímabili – 4,8 ma. kr.

Þá gleðjumst við öll yfir því að vel gengur að undirbúa nauðsynlegar framkvæmdir á Vestfjarðavegi um Reykhólasveit.

Því miður verður einhver seinkun á veginum um Veiðileysuháls en líklegt er að frestist aðeins og ljúki árið 2029

Þá eykst fjármagn til viðhalds talsvert en það mun nýtast vel um allt land.

Þá er mikilvægt að náðst hefur samstaða um aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu, sem einnig hafa jákvæð áhrif á tengingar þess við landsbyggðina. Sáttmáli ríkis og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu felur í sér sameiginlega sýn og heildarhugsun fyrir fjölbreyttar samgöngur á svæðinu.

Það er þörf á samgöngubótum um land allt og það er bjargföst trú mín að með betri og fjölbreyttari samgöngum megi byggja sterkara samfélag. Aukið öryggi á vegum skiptir höfuðmáli en sömuleiðis framkvæmdir til að stytta leið fólks milli byggðarlaga sem aftur eflir atvinnusvæðin.

Sjálfbær sveitarfélög

Nýrri tillögu til þingsályktunar um stefnumótun ríkisins í málefnum sveitarfélaga er ætlað að auka sjálfbærni sveitarstjórnarstigins á landsvísu. Sjálfbærni þarf að vera leiðarljós fyrir okkur á öllum sviðum, í umhverfismálum, félagsmálum og efnahagsmálum, öll okkar stefnumótun og aðgerðir þurfa að miða við það.

Markmið stefnunnar eru skýr, en þau eru

- að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi,
- að sjálfsstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt
og að tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

Stefnumörkuninni fylgir aðgerðaráætlun til fimm ára og tilgreindar eru ellefu aðgerðir sem vinna ber að til að ná settum markmiðum.

Þetta er metnaðarfull áætlun – og við það stend ég þó ég viti að mörgum finnist tillagan sumpart ganga of skammt og öðrum of langt.

Ég er hins vegar sannfærður um það, gangi þessi tillaga fram og fái stuðning Alþingis, þá er stigið mjög mikilvægt skref í þá átt að efla sveitarstjórnarstigið og bæta þjónustu við íbúana.

Það var því mjög ánægjulegt að aukalandsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga skyldi bakka stefnumörkunina upp með svo afgerandi hætti sem raun bar vitni, það gefur mjög góð fyrirheit um framhaldið.

Ég vil líka hrósa forystu sambandsins fyrir framsýni og faglega nálgun í þessu verkefni öllu.

Lokaorð

Kæra sveitarstjórnarfólk.

Verum bjartsýn og jákvæð, framtíðin ef björt og ef við stöndum saman og vöndum okkur við það sem við erum að gera.

Við erum að þjóna íbúum sveitarfélaganna, einstaklingum, fjölskyldum, fullorðnum en ekki síst börnum. Það er okkar metnaður að vinna af dugnaði og heiðarleika fyrir land og þjóð með samvinnuna sem leiðarljós.